

## Fundargerð stjórnar Álfavina – foreldrafélags leikskólans Álfasteins

Þann 29. Sept 2014 kom saman til fundar á Álfasteini stjórn foreldrafélags Álfasteins, mættir voru Jón Þór, Andrea, Rachel og Halla Björk ásamt Hugrónu Ósk leikskólastjóra.

1. Rætt um ársreikning Álfavina en þar kemur fram að tekjur ársins voru 127.195. en útgjöld á þessu ári um 159.255 kr. Það þýðir rekstrartap upp á kr 32.060 en vert era þ bendi á að ekki hefur náðst að innheimta öll foreldrafélagsgjöldin. Næsta starfsár eru skráð 30 börn í leikskólann svo tekjur foreldrafélagsins ættu að aukast töluvert.
2. Aðalfundur foreldrafélagsins, rætt var um að kalla eftir hvort fólk vildi breyta í stjórn félagsins á komandi aðalfundi þann 1. Október næstkomandi. Stjórnin að öðru leyti reiðubúin til að halda áfram til loka næsta skólaárs. Ýmsar breytingar ræddar sem vert væri að nefna á aðalfundi, sem dæmi var rætt um að þar sem samsetning á nemendhópnum næsta starfsár er breytt að því leyti að mun meira er um yngri börn. Þess vegna kannski betra að sleppa danskennslu þetta árið en reyna að fá frekar til dæmis tónlistarnám. Rætt var um að kanna hvernig þessu er háttað í Þelamerkurskóla og hvort tónlistarkennari þar kæmi til greina að vera með slíkt á Álfasteini.
3. Sameiginlegur fundur foreldrafélaganna í Hörgársveit, rætt var um að stefna að sameiginlegum fundi stjórna foreldrafélaganna á Álfasteini og Þelamörk. Samstarf foreldrafélaganna hefur verið til umræðu áður en þar er rætt um til dæmis að koma á sameiginlegu jólaballi, jólaföndurdag og svo framvegis. Ákveðið var að stefna að slíkum fundi fyrir miðjan október nk.
4. Stjórnin samþykkti að stefna að 3 viðburðum á næsta skólaári með foreldrum, auk vorhátíðar leikskólans. Ákveðið var að þessir 3 viðburðir væru sameiginleg sleðaferð í Kjarnaskóg eða upp á Hamra (aðrar staðsetningar koma til greina). Foreldrar og nemendur kæmu saman og renndu sér með börnunum. Einnig að stefna að sameiginlegri sundferð á Þelamörk auk þess að stefna á að fara sameiginlega á leiksýningu eins og undanfarin ár og fá góðan afslátt í krafti magnkaupa.
5. Afmæli Álfasteins næsta vor, rætt var um að foreldrar myndu hjálpa til við hellulögn á bakvið (sunnan) við leikskólann. Þar vantar hellur og benti Hugrún á að það myndi skapast mjög skemmtilegt svæði þar með hellulögn, sem og það gæti opnað á að hægt væri til dæmis að hjóla í kringum skólann á hjóladegi. Í framhaldi var rætt um nauðsyn þess að fá snjóbræðslukerfi á inngöngu fyrir börnin. Hugrún nefndi líka að hún hefði hug á að fá nýja "sessu" í róluna sem hentaði betur yngri börnum. Ákveðið var að kanna hug foreldra á að koma að þessari hellulögn.

Fleira ekki tekið fyrir að þessu sinni.